



Reykjavík, 25. mars 2022
ÞON22030071

Til borgarráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Heimild til að hefja verkefni um þróun viðmótseininga til að birta fjölbreyttara efni á vefsvæðinu reykjavik.is

Óskað er eftir að borgarráð heimili Þjónustu- og nýsköpunarsviði, að hefja undirbúning á innkaupum þróunar viðmótseininga á vefssvæði Reykjavíkurborgar, reykjavik.is, m.a. vegna birtingar nýrra efnisflokka á forsíðunni. Verkefnið er fjármagnað af kostnaðarstað 2101, verkefnið er á fjárfestingaráætlun 2021-2025 og tilheyrir stafrænni umbreytingu – Rafvæðing ferla, verknúmer 80014, verkbeiðni 218580. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá apríl 2022 til júní 2023 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 12 mkr.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Pröstur Sigurðsson,
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur

Hjálagt er minnisblað ÞON22030071 heimild til að hefja verkefni um þróun viðmótseininga til að birta fjölbreyttara efni á vefsvæðinu reykjavik.is

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Pröstur Sigurðsson, skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur

Efni: Heimild til að hefja verkefni um þróun viðmótseininga til að birta fjölbreyttara efni á vefsvæðinu reykjavik.is

Óskað er eftir að borgarráð heimili Þjónustu- og nýsköpunarsviði, að hefja undirbúning á innkaupum þróunar viðmótseininga á vefssvæði Reykjavíkurborgar, reykjavik.is, m.a. vegna birtingar nýrra efnisflokka á forsíðunni. Verkefnið er fjármagnað af kostnaðarstað 2101, verkefnið er á fjárfestingaráætlun 2021-2025 og tilheyrir stafrænni umbreytingu – Rafvæðing ferla, verknúmer 80014, verkbeiðni 218580. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá apríl 2022 til júní 2023 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 12 mkr.

Forsaga:

Nýtt vefsvæði Reykjavíkur leggur áherslu fyrst og fremst á þjónustu Reykjavíkurborgar og að gera upplýsingar um hana sem aðgengilegastar fyrir notendur þjónustunnar. Vefurinn í dag og forsíðan endurspeglar þessa áherslu, en um leið hafa aðrar víddir vefsins og starfsemi Reykjavíkurborgar fengið minni sýnileika. Lifandi efni, fréttir, mannlíf og menning, og að einhverju leyti stjórnsýslan er er minna áberandi í núverandi viðmóti. Dæmi um það eru laus störf hjá Reykjavíkurborg, lifandi tölfræði og þemasvæði fyrir hátíðir eða átaksverkefni. Í dag er ekki til hönnun eða viðmótseiningar sem endurspeglar þessa efnisflokka með nægilega skýrum hætti.

Greinargerð:

Forsíða vefsvæðisins þarf að geta verið síbreytileg og geta sýnt alla þá fjölbreyttu þjónustu, menningu og mannlíf sem borgin býður upp á og endurspeglar mismunandi hliðar Reykjavíkurborgar. Nú þegar liggur fyrir að borginokkar.is muni falla undir reykjavik.is og kallar það á útvíkkun á áherslum vefsins sem fær stærra og breiðara hlutverk, þetta á bæði við um forsíðu sem þarf að geta sýnt viðburði og hafa rými til að gera borgarhátíðum hátt undir höfði sem og efnisflokkinn „Mannlíf“.

[Reykjavik.is](http://reykjavik.is) byggir á Hönnu, hönnunarkerfi Reykjavíkurborgar og kalla þessar breytingar á að þróa þarf Hönnu í takt við þær áherslur og kröfur sem nýir efnisflokkar kalla á. Til að hægt sé að hanna ný viðmót og útlit sem henta til er nauðsynlegt að fara í þarfagreiningu efnisflokka, því næst í hönnunarferli með nýjar viðmótseiningar og svo forrita fyrir vefinn.

Ávinningur verkefnisins kemur fram í því að hægt verði að endurspeglar á forsíðu vefsins fleiri víddir Reykjavíkurborgar og um leið fá fleiri hliðar borgarlífsins rými til að njóta sín ásamt því að tryggja áfram þann skýrleika í þjónustu sem skila notendum upplýsingum með skilvirkum hætti, þ.e. leit og leiðarkerfi.



Virðisaukningin felst í breiðari og meira lifandi upplýsingagjöf til notenda og ekki síst aukinni meðvitund borgarbúa um alla þá fjölbreyttu starfsemi sem borgin býður uppá.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Heildarframkvæmdatími er áætlaður mánuðir og vonast er til að forgreining á verkefninu geti hafist í byrjun febrúar 2022 og þá áætluð verklok í nóvember 2023.

Áætlaður heildarkostnaður verkefnis samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 12 mkr.

Kostnaðarstaður: 2101, verkefnið er á fjárfestingaráætlun 2021-2025 og tilheyrir stafrænni umbreytingu – Rafvæðing ferla, verknúmer 80014, verkbeiðni 218580 sem hluti af vefþróun.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Þröstur Sigurðsson,
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur